

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fjallalax ehf (áður Fjallableikja) Hallkelshólum Grímsnesi



Dags eftirlits	3.12.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Fjallalax ehf (áður Fjallableikja)	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Strandgötu 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	670809-0720	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Hjörtur Methúsalemsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Matthew Chernin	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert nýtt frávik er skráð í eftirlitinu en þrjár ábendingar eru gerðar.

Úrbótaáætlun v. fráviks sem var skráð 2017 vegna umframframleiðslu var samþykkt með bréfi 28. september sl. og hafa úrbætur verið staðfestar og frávikinu því lokað.

Sex frávik voru skráð í eftirliti 2. desember 2020, þar af voru þrjú frávik vegna umframframleiðslu árána 2018, 2019 og 2020 og er þeim einnig lokað.

Þar sem ekki er starfsemi í stöðinni verður því fylgt eftir að úrbætur verði vegna hinna þriggja frávikanna sem skráð voru í eftirlitinu þegar starfsemi hefst aftur og að starfsemi verði í samræmi við nýtt starfsleyfi.

Fráviki er varðaði skráningar á losun frá eldinu verður fylgt eftir á grundvelli nýs starfsleyfis.

Óskað er eftir tímasettri úrbótaáætlun er varðar tvö frávik sem snúa að umgengni og fiski við útrás og í frárennisskurði.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísun í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Síðan seinasta eftirlit fór fram hefur stöðin skipt um eigendur sem hyggja á klak og frumeldi laxaseiða í stöðinni í stað eldis og slátrunar bleikju. Seiðin verði svo flutt til eldis í stöð Arnarlax í Þorlákshöfn. Matsskyldufyrirspurn þess efnis var send Skipulagsstofnun, sem birti ákvörðun sína þann 19. október sl. um að framkvæmdin væri ekki háð umhverfismati.

Starfsleyfi stöðvarinnar er tók til eldis á bleikju, allt að 20 tonna framleiðslu á ári, rann út þann 12. október sl. og óskaði stofnunin því eftir því að fá staðfestingu á því að enginn fiskur væri í stöðinni. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila, ásamt myndum því til staðfestingar sem bárust 1. desember sl., er stöðin tóm og ekki verður settur í hana fiskur fyrr en nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út.

Frávikum seinustu ára er varða umframframleiðslu er því lokað, þar sem stöðin hefur verið tæmd, en stofnunin leggur áherslu á að ekki skuli hefja rekstur í stöðinni fyrr en ný starfs- og rekstrarleyfi hafa tekið gildi.

Þann 3. desember var farið yfir stöðu mála í stöðinni með fulltrúa rekstraraðila samhliða eftirlitsheimsókn í stöð Arnarlax í Þorlákshöfn.

Farið var yfir áhættumat vegna tíðni eftirlits og tæpt var á tilkynningum sem berast þurfa þegar rekstur hefst að nýju eftir útgáfu nýs starfsleyfis.

Fjallað var um heppilega staði til sýnatöku í vatni, útreikninga á losun frá fôðurnotkun og mælingum, áform rekstraraðila um hreinsun í frárennsli og nýtingu fastefnis sem safnast í tromlusíu. Fráviki er snýr að skráningum á losun köfnunarefnis og fosfórs verður fylgt eftir á grundvelli nýs starfsleyfis.

Einnig voru rædd áform rekstraraðila um að fjarlægja tank úr settjörn og fisk úr frárennisskurði, sbr. frávikaskráningu ársins 2020. Ábending er gerð vegna úrbótaáætlunar er varðar þau frávik.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á óheimilt er að hefja rekstur í stöðinni nema að undangenginni gildistöku nýs starfsleyfis og að senda skuli tilkynningu til stofnunarinnar áður en rekstur hefst.

Stofnunin bendir á að frávik, sem skráð var í eftirliti 2020 og snýr að skráningum vegna losunar köfnunarefnis og fosfórs frá stöðinni, verður fylgt eftir á grundvelli nýs starfsleyfis.

Eftirlitsaðili bendir á að rekstraraðili skuli senda inn tímasetta úrbótaáætlun um áætluð lok úrbóta vegna tveggja frávika er skráð voru í eftirliti 2020.

Reykjavík, 21.12.2021

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir